

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.09.2018
Málalýkill	02.0
Mál nr.	1809190



Félagsráðgjafafélag Íslands

Reykjavík 7. september 2018.

Efni: Félagsráðgjafar skulu annast félagslega ráðgjöf, breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tekur gildi þann 1. október 2018.

Þann 1. október næstkomandi taka í gildi breytingar á lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991. Lagabreytingarnar eru ansi viðamiklar en Félagsráðgjafafélag Íslands vekur athygli á breytingum á 18. grein laganna. Þar segir að sveitarfélög skuli hafa á að skipa félagsráðgjöfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögnum. Í greinargerð með lagafrumvarpinu kemur fram að leita skuli eftir félagsráðgjöfum til að annast félagslega ráðgjöf enda augljóst að ráðgjöf verði ekki fagleg nema fagfólk annist hana og því sé eðlilegast að leita eftir félagsráðgjöfum.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þessari lagabreytingu enda hefur félagið í mörg ár bent á að menntun félagsráðgjafa undirbýr þá sérstaklega til að sinna störfum á þessum vettvangi með félagsmálalöggjöf og meðferð barnaverndarmála sem skyldufög í námi sínu auk þess sem þeir fá bæði fræðilega þekkingu og klíniska þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa, sækja námskeið um viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, hópavinnu, samfélagsvinnu, fjölskylduvinnu og meðferð. Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og til þess að sækja um starfsréttindi sem félagsráðgjafi þarf viðkomandi að hafa lokið MA-prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Taka skal fram að þeir sem hafa einungis lokið BA námi í félagsráðgjöf, eru ekki félagsráðgjafar og hafa ekki réttindi til að starfa sem slíkir.

Alltof oft er auglýst eftir starfsmanni til þess að sinna félagsráðgjöf og barnavernd en þess ekki krafist að það sé félagsráðgjafi sem sinni þessum störfum. Félagsráðgjafafélag Íslands brýnir sveitarfélög til að vanda til starfauglýsinga þegar auglýst er eftir starfsfólki til að sinna félagslegri ráðgjöf og öðrum verkefnum sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka til, nú þegar lögin kveða á um ríkari skyldur sveitarfélaga en áður til að ráða félagsráðgjafa til starfa til að sinna verkefnum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fyrir hönd stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands
María Rúnarsdóttir, formaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026